



Allsherjar- og menntamálanefnd

Reykjavík, 25. mars 2020

Efni: Tillaga til þingslályktunar um launasjóð íslensk afreksíþróttafólks, 524. mál.

Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands fagnar ofangreindri tillögu um launasjóð fyrir afreksíþróttafólk, sem hefði þann tilgang að auka fjárhagslegt öryggi afreksíþróttafólks og auka möguleika þess á að helga sig íþróttaiðkun sinni.

Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands lýsir sig reiðubúið til samstarfs um undirbúning og útfærslu slíks sjóðs með þeim hætti sem þurfa þykir.

Ef nánari upplýsinga er þörf, vinsamlegast hafið samband við undirritaða.

**Virðingarfyllst,
ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS**


Líney Rut Halldórsdóttir
framkvæmdastjóri



Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis

Efni: Umsögn KSÍ um tillögu til þingsályktunar um launasjóð íslensks afreksíþróttafólks, 524. mál


Knattspyrnusamband Íslands (KSÍ) vill koma að eftirfarandi athugasemdum vegna tillögu til þingsályktunar um launasjóð íslensks afreksíþróttafólks:

KSÍ tekur heilshugar undir tillögur um launasjóð sem myndi skapa afreksíþróttafólki í landinu fjárhagslegan grundvöll til iðkunar á íþrótt sinni að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Tekið er undir þau sjónarmið að með því að greiða afreksíþróttafólki starfslaun aukast réttindi og öryggi þess. Mikilvægt er að við undirbúning og við útfærslu starfslaunasjóðs afreksíþróttafólks verði unnið náið með Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands, sveitarfélögunum og ef svo ber við íþróttahéruðum og sérsamböndum.

Virðingarfyllst f.h. stjórnar KSÍ,



Guðni Bergsson
Formaður KSÍ



Klara Bjartmarz
Framkvæmdastjóri KSÍ

Tillaga til þingsályktunar um launasjóð íslensks afreksíþróttafólks, 524. mál.

Ég vil hrósa því að loksins sé farið að huga að því að hlúa betur að afreksíþróttafólkinu okkar á Íslandi. Tel að þessi tillaga að þingsályktun sé góð byrjun á betri og öruggari framtíð fyrir afreksíþróttafólkið okkar. Við viljum að þau hafi möguleika til að halda áfram á sinni braut eins lengi og hægt er en of margir hafa verið að hætta mun fyrr að iðka sína íþrótt af fullum krafti því þau hafa hvorki pening né öryggi í kringum sig. Of mikil vinna fer í að reyna halda sér á þeim stað sem þau þurfa til að koma sér ennþá frammar í sinni íþrótt.

Þórunn Erlingsdóttir íþróttifræðingur og fyrrum verkefnastjóri ungmenna í frjálsum íþróttum.